

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Borgartún 28.*

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 17. mars 2015 breytingu á deiliskipulagi Kirkjutúns vegna lóðarinnar nr. 28 við Borgartún. Í breytingunni felst að fyrirhugaðri byggingu á lóð er breytt úr þjónustubyggingu í íbúða- og þjónustubyggingu, hæðum er fjölgað um eina og fyrirkomulagi bílastæða er breytt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kjalarnes, Fitjar.*

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 30. apríl 2015 breytingu á deiliskipulagi Fitja á Kjalarnesi. Í breytingunni felst m.a. uppbygging á lóð sem tengist ferðapjónustu og landbúnaði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Laugavegur 8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 22. apríl 2015 breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.3 vegna lóðarinnar nr. 8 við Laugaveg. Í breytingunni felst að stækka svalir á fjórðu hæð hússins og byggja þaksvalir á þaki fjórðu hæðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Álfsnes, Sorpa.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 10. apríl 2015 breytingu á deiliskipulagi urðunarstaðar í Álfsnesi. Í breytingunni felst stækkun á deiliskipulagssvæði og ný lóð undir fyrirhugaða gas- og jarðgerðarstöð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hlíðarendi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 17. apríl 2015 breytingu á skilmálum deiliskipulags Hlíðarenda. Í breytingunni felst að endurskilgreina útbygginga- og svalakvaðir, endurskilgreina kvaðir um fjölda uppdeilda húseininga. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Sólvallagata 67, Vesturbæjarskóli.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 29. apríl 2015 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 67 við Sólvallagötu, Vesturbæjarskóli. Í breytingunni felst að parhúsi á lóð nr. 10-12 við Vesturvallagötu verður haldið á lóðinni og verður það nýtt undir frístundastarf skólans. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hamrahlíð 2, Hlíðaskóli.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 29. apríl 2015 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Hamrahlíð,

Hlíðaskóli. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir færanlegar kennslustofur norðan núverandi íþróttahúss fyrir frístundastarf. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 13. maí 2015.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 15. maí 2015